



Mannauðsstefna Sveitarfélagsins Skagastrandar

Sveitarfélagið Skagaströnd leggur áherslu á að skapa eftirsóknarverðan vinnustað og laða að sér hæft starfsfólk, sem vinnur í þágu íbúa sveitarfélagsins og skapar starfsfólki tækifæri til að eflast og þróast í starfi. Sveitarfélagið gerir reglubundið könnun á ánægju starfsfólks til að meta fylgni við stefnuna.

RÁÐNINGAR OG NÝTT STARFSFÓLK

- Sveitarfélagið leitast við að ráða vandað og traust starfsfólk. Við ráðningu starfsfólks er horft á reynslu, hæfni og menntun.
- Til að tryggja jafnræði milli umsækjanda er lögð áhersla á fagleg og samræmd vinnubrögð.
- Vel er tekið á móti nýju starfsfólki og fær það þjálfun við hæfi.

STARFSÞRÓUN OG FRÆÐSLA

- Lögð er áhersla á að starfsfólk fái markvissa þjálfun og fræðslu og því sköpuð skilyrði til sí— og endurmenntunar.
- Lögð er áhersla á miðlun þekkingar á milli starfsfólks og starfsstöðva.
- Starfsfólki verði boðið upp á reglubundin starfsþróunarsamtöl.

STARFSÁNÆGJA

- Áhersla er á ánægju starfsfólks t.d. með virkri endurgjöf og hvatningu.
- Sveitarfélagið leggur metnað í að vinna með frumkvæði og hugmyndir starfsfólks og leggur áherslu á að starfsfólk sé lausnamiðað og opið fyrir áskorunum.
- Sveitarfélagið vinnur að því að byggja upp jákvæða ímynd sveitarfélagsins með góðum samskiptum milli starfsfólks og vandaðri þjónustu til íbúa þess.
- Stofnanir sveitarfélagsins leggja áherslu á gagnsæi og gott upplýsingaflæði.
- Sveitarfélagið vill vera til fyrirmyndar og bjóða fólki með skerta starfsgetu atvinnu.

JAFNRÉTTI OG JAFNRÆÐI

- Sveitarfélagið hefur sett sér jafnréttisáætlun til að tryggja jafnræði m.t.t kyns, aldurs, trúar, þjóðernis og annarra þátta.
- Sveitarfélagið setur sér jafnlaunastefnu um að greiða jöfn laun fyrir sömu og/eða jafn verðmæt störf.

SAMRÆMING EINKALÍFS OG FJÖLSKYLDU

- Vinnustaðir sveitarfélagsins eru fjölskylduvænir og lögð áhersla á að jafnvægi ríki milli vinnu og einkalífs með sveigjanlegum vinnutíma og/eða styttingu vinnuviku.
- Leitað er leiða til að jafna vinnuálag eins og kostur er.

VELFERÐ OG HEILSA

- Sveitarfélagið leggur áherslu á öryggi, vellíðan og heilbrigði starfsfólks og setur sér velferðarstefnu til að tryggja sem besta eftirfylgni.
- Starfsfólki verði boðnar reglubundnar heilsufarsmælingar annað hvert ár.
- Gert hefur verið samkomulag um þjónustu trúnaðarlæknis.
- Sveitarfélagið bregst þegar við ef heimsfaraldur eða önnur ógn steðjar að sbr. viðbragðsáætlun vegna Covid 19.



ST_002_03_AJ



- Hvers kyns einelti, áreitni eða ofbeldi verður ekki liðið hjá Sveitarfélaginu Skagaströnd og setur sveitarfélagið sér forvarnaráætlun til að fylgja ef grunur um slíkt kemur upp. Slík áætlun leiðbeinir starfsfólki um hvert skal leita til að fá úrbætur.

Staðfest á fundi sveitarstjórnar 1. júlí 2022


Alexandra Jóhannesdóttir
Sveitarstjóri

Alexandra Jóhannesdóttir
Sveitarstjóri